



Reykjanesbær, 30. janúar 2026

712. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
3. febrúar 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 22. og 29. janúar 2026 (2026010008)
2. Fundargerð lýðheilsuráðs 20. janúar 2026 (2026010011)
3. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 22. janúar 2026 (2026010009)
4. Fundargerð sjálfbærnisráðs 23. janúar 2026 (2026010014)
5. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 23. janúar 2026 (2026010012)
6. Fjárfestingaverkefni 2025 – svar við fyrirspurn vegna framkvæmda og kostnaðar (2024090522)
7. Erindisbréf fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks (2019120096)
8. Húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar 2026 – síðari umræða (2025100081)
9. Breytingar á skipan fulltrúa í bæjarstjórn og ráðum (2024010091)



Fundargerð

1548. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
22. janúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna
Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Aðalheiður Ósk
Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Uppbygging við Víkingaheima - ósk um samstarf (2025050343)

Lögð fram bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. nóvember 2025.

Margrét Þórarinsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Umbót gerir alvarlegan fyrirvara við þá málsmeðferð sem nú er viðhöfð í máli uppbyggingar
við Víkingaheima.*

*Í upphafi málsins lá fyrir neikvætt faglegt mat sem var samþykkt samhljóma af umhverfis-
og skipulagsráði. Þrátt fyrir það er málið nú fært inn í bæjarráð enn og aftur, án þess að
nokkuð hafi breyst efnislega í forsendum þess.*

*Umbót telur þetta mjög varhugaverða leið, þar sem verið er að fara bakdyramegin fram hjá
faglegri afgreiðslu skipulagssviðs, í stað þess að vinna málið áfram þar, eins og eðlilegt hefði
verið.*

Fyrirliggjandi beiðni frá Funabergi fasteignafélagi ehf. felur í sér:

- breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar,
- breytingu á deiliskipulagi,
- og röskun á grænu svæði,

allt til að mæta óskum eins aðila.

*Umbót varar sérstaklega við þeirri þróun að aðalskipulagi og deiliskipulagi sé breytt í hvert
sinn sem óskað er eftir frávikum frá þróunarsvæðum, þar sem slíkt grefur undan
skipulagslegri heildarsýn, jafnræði og fyrirsjáanleika.*

Jafnframt bendir Umbót á að kostnaður við breytingar á skipulagi fellur á sveitarfélagið. Engar upplýsingar liggja fyrir um hver sá kostnaður er, né hver muni bera hann. Þetta eru ákvarðanir sem hafa bein fjárhagsleg áhrif á Reykjanesbæ og íbúa hans.

Aðrir verktakar í sveitarfélaginu, sem greiða útsvar og starfa eftir gildandi skipulagi, fá enga aðkomu að þessu ferli, þrátt fyrir að hér sé verið að skapa nýtt byggingarsvæði fyrir einn aðila.

Umbót telur að þetta mál hefði aldrei átt að koma til afgreiðslu bæjarráðs, heldur átt að vera unnið áfram innan skipulagssviðs í samræmi við faglegt mat þess þar sem beiðni Funabergs var hafnað.

Af framangreindum ástæðum getur Umbót ekki stutt málið í núverandi mynd.“

Bæjarráð tekur undir bókun umhverfis- og skipulagsráðs um að ákvörðun um mögulega breytingu á notkun svæðisins verði tekin upp að nýju samhliða endurskoðun aðalskipulags sem ráðgert er að hefjist síðar á þessu ári.

Samþykkt 4-0. Margrét Þórarinsdóttir sat hjá.

2. UMFN - umsókn um tækifærisleyfi (2026010361)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

3. Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses. 8. desember 2025 (2025120060)

Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses. lögð fram til kynningar.

4. Fundargerðir stjórnar Reykjanes jarðvangs ses. 5. júlí 2024 - 17. nóvember 2025 (2025110106)

Fundargerðir stjórnar Reykjanes jarðvangs ses. lagðar fram til kynningar.

5. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 14. janúar 2026 (2026010317)

Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:09.



Fundargerð

1549. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænasbraut 910 - Seltjörn,
29. janúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bjarni Páll Tryggvason boðaði forföll, Díana Hilmarsdóttir sat fyrir hann.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

* * *

1. Hátæknibrennslustöð - staða málsins (2026010544)

Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri Kölku og Önnundur Jónasson stjórnarformaður og Eirur Ævarsson fulltrúar Reykjaneshæjar í stjórn Kölku mættu á fundinn.

Stýrihópar sem hafa kannað fýsileika á uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar á Íslandi, hafa samanstðið af fulltrúum frá SORPU, Kölku, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Samband íslenskra sveitarfélaga og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa þegar gert með sér samning um stuðning við uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar á Íslandi, en engin ákvörðun hefur verið tekin um staðsetningu á fyrirhugaðri stöð.

Bæjarráð þakkar fulltrúum Kölku fyrir kynningu á stöðu verkefnisins en áréttar að engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort hátæknibrennslustöð verði byggð í Reykjaneshæ. Slík ákvörðun þarf að byggja á samráði og gagnsæi ásamt könnun á vilja sveitarfélagsins til þátttöku í slíku verkefni.

2. Fjárfestingaverkefni 2025 – staða framkvæmda og kostnaðar (2024090522)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lögð fram samantekt fjármála í fjárfestingaverkefnum.

Meirihluti bæjarráðs þakkar fyrir samantektina sem sýnir svo ekki verður um villst að vel er haldið utan um það fjármagn sem fer í framkvæmdir í Reykjaneshæ. Lykiltölur framkvæmda sýna að uppreiknaður heildarkostnaður á hvern fermetra er vel undir samanburðarviðmiðum bæði í leik- og grunnskólum. Þau frávík sem koma fram snúa að framkvæmdum þar sem enn

er óvíst með uppgjör vegna samninga og/eða málaferla. Sem dæmi má nefna að lengi hefur því verið haldið fram að Stapaskóli sé dýrasti grunnskóli landsins en hér sést svart á hvítu að það er rangt þar sem uppreiknað fermetraverð er um 860 þúsund krónur sem er í samræmi við viðmið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er því ljóst að Reykjanesbær hefur gætt aðhalds þegar kemur að byggingu skólans og kostnaðaráætlanir eru innan vikmarka. Það hefur verið gert á sama tíma og aðstaða og aðbúnaður innan skólans er til fyrirmyndar bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Það er því ekki skrytið að önnur sveitarfélög líti til Reykjanesbæjar sem jákvæðrar fyrirmyndar.

Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi tekur undir bókun meirihluta bæjarráðs.

3. Atvinnustefna fyrir Suðurnes (2026010374)

Lögð fram bókun atvinnu- og hafnarráðs frá 22. janúar 2026.

Bæjarráð leggur til að boðað verði til samtals á milli starfsfólks sem fer með atvinnumál í sveitarfélögum á Suðurnesjum og framkvæmdastjóra SSS og felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur formanni bæjarráðs að vinna áfram í málinu.

4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - umsókn um tækifærisleyfi (2026010413)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Jón Skúli Jónsson - umsókn um tækifærisleyfi (2026010461)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Gulldreki ehf., Hafnargata 90 (2025120101)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

7. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Pólskur matur ehf., Hringbraut 92 (2025110485)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010453)

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030, 322. mál

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/322/?ltg=157mnr=322>

Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, mál nr. 15/2026

<https://island.is/samradsgatt/mal/4162>

Umsagnarmál lögð fram.

Bæjarráð felur Guðlaugi Helga Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og Halldóri Karli Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að vinna tillögu að umsögnum og leggja fyrir á næsta bæjarráðsfundi þann 5. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.



Fundargerð

64. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænasbraut 910
20. janúar 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Tanja Veselinovic, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Anna Lydía Helgadóttir boðaði forföll og sat Tanja Veselinovic fundinn í hennar stað.

* * *

1. Staða félagsmiðstöðva í Reykjaneshæ og framtíðarsýn (2025120059)

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Tómsundamiðstöðvar Reykjaneshæjar, mætti á fundinn og fór yfir framtíðarsýn og stöðu félagsmiðstöðva í Reykjaneshæ.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. Kynning um vatnsdrykkju (20260102779)

Anna Sigríður Jóhannesdóttir mætti á fundinn og kynnti mikilvægi vatnsdrykkju.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu. Ráðið felur Hafþóri Barða Birgissyni, íþrótt- og tómstundafulltrúa, að vinna áfram í málinu og kanna aðgengi að vatni í mannvirkjum Reykjaneshæjar. Einnig hvetur lýðheilsuráð menntaráð til þess að fá Önnu Sigríði til að taka kynninguna fyrir.

3. Lífshlaupið 2026 (2026010255)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, sagði frá Lífshlaupinu sem hefst innan skamms og stendur yfir dagana 1.-28. febrúar. Allar nánari upplýsingar um Lífshlaupið má nálgast á lífshlaupid.is.

Lýðheilsuráð skorar á íbúa, stofnanir og fyrirtæki að taka þátt í þessu mikilvæga landsátaki sem miðar að því að auka hreyfingu.

4. Fundargerð Samtakahópsins 8. janúar 2026 (2025020056)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

5. Frístundastyrkur Reykjaneshæjar 2026 (2026010278)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, sagði frá vinnu við að skipta út nafninu „hvatagreiðslur“ sem notað hefur verið yfir styrki fyrir eldri borgara, börn og ungmenni til að stunda íþrótt- og tómstundastarf í Reykjaneshæ. Nýja orðið er „Frístundastyrkur“ en það er

notað af flestum sveitarfélögum á Íslandi. Markaðssetning er hafin í samvinnu við Krístrúnu Björgvinsdóttur, markaðs- og kynningarfulltrúa Reykjanesbæjar.

6. Náum áttum - morgunverðarfundur (2026010320)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, sagði frá morgunverðarfundum Náum áttum hópsins, sem fer fram miðvikudaginn 21. janúar nk., þar sem fjallað verður um eitt af helstu áherslumálum lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, ungmenni og netið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:32



Fundargerð

304. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu
Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 22. janúar 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2025 (2026010368)

Farið var yfir stöðu endurskoðunar á ársreikningi Reykjaneshafnar vegna ársins 2025.

2. Starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs 2026 (2025120113)

Farið var yfir drög að starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2026.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun.

3. Njarðvíkurhöfn – brimvarnargarður (2023080391)

Undirritaður verksamningur milli Reykjaneshafnar og Íslenskra aðalverktaka hf. um verkið „Njarðvíkurhöfn Suðursvæði, Brimvarnargarður 2025“ lagður fram.

4. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Tölvupóstur dags. 9. janúar 2025 frá umhverfis- og skipulagsráði Reykjaneshafnar þar sem fram kemur að ráðið heimilar Reykjaneshöfn að gera breytingar á skipulagi við Njarðvíkurhöfn.

5. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Tölvupóstur dags. 9. janúar 2025 frá umhverfis- og skipulagsráði Reykjaneshafnar þar sem fram kemur að ráðið heimilar Reykjaneshöfn að gera breytingar á skipulagi við Helguvíkurhöfn.

6. Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171)

Skýrslan „Reykjaneshöfn, útfærsla á nýju vaktakerfi“ sem PwC fyrirtækjaráðgjöf vann fyrir Reykjaneshöfn lögð fram. Einnig var farið yfir stöðuna í starfsmannamálum Reykjaneshafnar, en einn starfsmanna hafnarinnar hefur verið frá vegna veikinda.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að auglýst verði eftir starfsmanni tímabundið til starfa hjá Reykjaneshöfn frá 1. mars nk. til sex mánaða með möguleika á áframhaldandi ráðningu að því loknu og felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að vinna málið áfram.

7. Samstarfsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2025010264)

Fundargerð 24. fundar samráðsnefndar um þróun hafnarsvæða frá 16. desember 2025 lögð fram.

8. Atvinnuverkefni (2025120109)

Farið var yfir þau atvinnuverkefni sem komið hafa á borð atvinnu- og hafnarráðs frá því að það tók til starfa 1. janúar 2023 við breytta stjórnskipan hjá Reykjanesbæ.

Atvinnuverkefni á borði atvinnu- og hafnarráðs hafa verið af ýmsum toga og reynst misjafnlega raunsæ. Sum þessara verkefna eru komin á fullt í uppbyggingu meðan önnur eru skemur á veg komin. Atvinnu- og hafnarráð bendir á að þegar um stærri verkefni er að ræða tekur uppbyggingin nokkur ár, en dæmi um slík verkefni eru fiskeldi úti á Reykjanesi og jarðefnavinnsla í Helguvík. Viðkomandi verkefni skapa t.d. um á annað hundrað bein og óbein störf í fullum rekstri og mun fleiri á uppbyggingartíma. Önnur verkefni sem eru í vinnslu margfalda þennan starfafjölda á næstu 3-5 árum ef þau verða að veruleika. Grunnurinn að þessari uppbyggingu eru þeir innviðir sem eru á svæðinu, s.s. vinnuafli, félagslegar aðstæður og framboð atvinnulóða, auk þess að landfræðileg staðsetning henti mjög vel. Atvinnu- og hafnarráð telur að eitt af lykilatriðum í atvinnuuppbyggingu framtíðarinnar liggi í slíkum þáttum og því þurfi að huga vel að þeim.

9. Reykjaneshöfn – framtíðarsýn 2026-2035 (2025080301)

Farið yfir drög að framtíðarsýn Reykjaneshafnar til 2035.

10. Samgönguáætlun 2026-2040 (2025120114)

Bókun atvinnu- og hafnarráðs á 303. fundi ráðsins þann 11. desember sl. um þingsályktun til samgönguáætlunar fyrir árin 2026-2040 var send þingmönnum Suðurlands og nefndarmönnum í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis með ósk um að viðkomandi tækju tillit til þess sem þar kom fram. Viðbrögð bárust frá fimm þingmönnum Suðurlands af tíu og fjórum nefndarmönnum af níu í umhverfis- og samgöngunefnd. Viðkomandi þingmenn voru fulltrúar fjögurra stjórnmalaflokka af sex sem eru á Alþingi.

11. K64 - hringrásariðngarður (2026010369)

Tölvupóstur dags. 5. janúar 2026 frá KADECO þar sem óskað er eftir samstarfi við Reykjaneshöfn á grundvelli fyrirbyggjandi erindisbréfs um uppbyggingu í hringrásariðngarði við Helguvíkurhöfn.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrir hönd Reykjaneshafnar að taka þátt í samstarfinu á grundvelli erindisbréfsins og felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að undirrita það. Jafnframt tilnefnir atvinnu- og hafnarráð sem fulltrúa Reykjaneshafnar í samstarfinu formann og sviðsstjóra atvinnu- og hafnarráðs.

12. Aalborg Portland Ísland ehf. – samkomulag (2026010370)

Lögð fram drög að samkomulagi milli Reykjaneshafnar og Aalborg Portland Ísland ehf. varðandi fyrirkomulag á greiðslu vörugjalda á innfluttu sementi um Helguvíkurhöfn árið 2026.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi og felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að undirrita það.

13. Cruise Iceland (2025040125)

Yfirlit frá Cruise Iceland um skipakomur og hafnartekjur skemmtiferðaskipa árið 2025 ásamt upplýsingum um bókunarstöðu slíkra skipa 2024-2028 lögð fram.

14. Hafnasamband Íslands – fundargerðir stjórnar (2025020388)

Fundargerðir 476., 477. og 478. funda stjórnar Hafnasambands Íslands frá 22. október, 18. nóvember og 3. desember 2025 lagðar fram.

15. Hafnasamband Íslands – Framtíðin og íslenskar hafnir (2026010372)

Skýrslan „Framtíðin og íslenskar hafnir“ sem unnin var fyrir Hafnasamband Íslands af Íslenska sjávarklasanum lögð fram.

16. Atvinnustefna fyrir Suðurnes – drög til umsagnar (2026010374)

Tölvupóstur dags. 19. janúar 2026 frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar f.h. bæjarráðs þar sem óskað er umsagnar um drög að atvinnustefnu fyrir Suðurnes sem unnin var af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Atvinnu- og hafnarráð lagði fram atvinnustefnu fyrir Reykjanesbæ sem samþykkt var á 701. fundi bæjarstjórnar þann 19. ágúst 2025. Sú stefna mótar nú þá umgjörð sem unnið er eftir innan sveitarfélagsins er varðar atvinnumál og uppbyggingu þeirra.

Atvinnu- og hafnarráð telur því ekki rétt að veita umsögn um drög að atvinnustefnu fyrir Suðurnes þar sem ráðið sér ekki að hún muni hafa sérstakt gildi fyrir Reykjanesbæ enda er Atvinnustefna Reykjanesbæjar 2025-2035 þegar til staðar.

Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að koma ofangreindu á framfæri við bæjarráð.

17. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.



Fundargerð

67. fundur sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
23. janúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Guðni Ívar Guðmundsson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs, Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Sveitarstjórnarkosningar í Reykjanesbæ 2026 (2026010121)

Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir gæðastjóri, Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir formaður yfirkjörstjórnar og Krístrún Björgvinsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi mættu á fundinn og fóru yfir nýtt fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninga í Reykjanesbæ.

Sjálfbærniráð mun rýna fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninga á næstu fundum ráðsins ásamt starfsfólki Reykjanesbæjar.

Kosningapáttaka í sveitarstjórnarkosningunum árið 2022 í Reykjanesbæ var ein sú minnsta sem mælt hefur eða 52%. Mjög mikilvægt er að breyta þessari þróun til hins betra en bæjarstjórn hefur þegar samþykkt að fjölga kjörstöðum úr einum í þrjá.

2. Umhverfis Ísland – 10 tonn af textíl á dag (2025120054)

Krístrún Björgvinsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi mætti á fundinn.

Vitundarvakningin „10 tonn af textíl“ er samstarfsverkefni á vegum Saman gegn sóun og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er ætlað að vekja almenning til umhugsunar um magn, gæði og notkun textíls. Markmiðið er fyrst og fremst að hvetja fólk til að kaupa minna og nýta betur þann textíl sem það á.

Íslendingar losa sig við 10 tonn af textíl á dag, íbúar Reykjanesbæjar losa sig við 10 tonn af textíl á mánuði. Söfnun, flutningur og önnur meðhöndlun á þessum úrgangi hefur reynst sveitarfélögum afar íþyngjandi og kostnaðarsöm, sérstaklega þegar eftirspurn eftir notuðum fatnaði er lítil. Gæði textíls fara dvínandi og aðeins lítill hluti af textílurgangi fer í endurnotkun innanlands. Restin er send úr landi í endurnotkun, endurvinnslu eða annan endurnýtingarfarveg, eins og brennslu til orkuframleiðslu.

Sjálfbærniráð ásamt markaðs- og kynningarfulltrúa Reykjanesbæjar munu fara af stað með verkefni sem tengist þessari vitundarvakningu í þeim tilgangi að hvetja íbúa sveitarfélagsins

til að bregðast við þessari sístækkandi áskorun. Sjálfbærniráð hvetur íbúa til að kynna sér málið nánar á vef átaksins.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga – samstarfsverkefni í IceNap (2022110136)

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir samstarfi við Reykjanesbæ í aðgerð þeirra innan IceNap verkefnisins. IceNap umsóknin snýst um innleiðingu á aðlögunaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Þessu samstarfsverkefni er ætlað að ýta undir íbúapátttöku og samráð vegna skipulagsmála með áherslu á aðlögun að loftslagsbreytingum. Óskað er eftir undirritun á viljayfirlýsingu hafi sveitarfélagið áhuga á þátttöku.

Sjálfbærniráð samþykkir undirritun viljayfirlýsingar með fyrirvara um umfang verkefnisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.



Fundargerð

72. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
23. janúar 2026, kl. 08:30

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Linda Líf Hinriksdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Menningar- og þjónusturáð samþykkir að taka á dagskrá málið Ráðning sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs (2025080466). Fjallað er um málið undir dagskrálið 7.

* * *

1. Erindi ungmennaráðs til menningar- og þjónusturáðs (2025110454)

Ólafur Berg Ólafsson verkefnastjóri Fjörheima mætti á fundinn. Ungmennaráð Reykjanesbæjar leggur fram erindi er varða afþreyingu fyrir ungmenni og “Verum örugg” herferð ráðsins.

Menningar- og þjónusturáð þakkar fyrir metnaðarfull verkefni og hvetur ungmennaráð til þess að vinna að því áfram. Ráðið er tilbúið til þátttöku og mikilvægt er að þessu verkefni verði tryggt fjármagn í framtíðinni.

2. Ný Rokksafnssýning (2025100481)

Eva Kristín Dal forstöðumaður Byggðasafnsins og Tómas Young framkvæmdastjóri Hljómahallar mættu á fundinn. Kynntu þau, ásamt Guðlaugu M. Lewis menningarfulltrúa, stöðuna á vinnu við nýja Rokksafnssýningu sem opnar í vor.

3. Listasafn Reykjanesbæjar - bók um verk Ívars Valgarðssonar (2026010401)

Helga Þórsdóttir mætti á fundinn og kynnti útgáfu bókar Listasafns Reykjanesbæjar um feril listamannsins Ívars Valgarðssonar.

Listasafn Reykjanesbæjar gaf út, í desember árið 2025, bók sem tekur til listferils Ívars Valgarðssonar. Bókin heitir Úthaf eftir sýningu þeirri sem listamaðurinn sýndi hjá safninu árið 2025. Hönnun bókarinnar er í anda sýningarinnar og er góð heimild um innsetningu Úthafs.

Sýning Ívars hjá safninu var fyrir listamanninum rómantískt ljóð um staðsetningu og umhverfi safnsins. Þannig voru öll verk sérlega hugsuð fyrir rými safnsins og verða ekki endursýnd í öðru rými. Þannig kallaði sýningin á frekari miðlun og skráningu.

Safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, hefur ákveðið að hætta útgáfu sýningaskráa með hverri einustu sýningu. Í staðinn verður ein vegleg útgáfa á ári, fáið styrkur í verkefnið. Það er mat safnstjóra á hverju ári hvaða sýningu verður miðlað frekar með útgáfu.

Sýning Ívars var styrkt af Safnasjóði og Myndlistarsjóði.

Útgáfa bóka er skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun, sem er tilgangur safna. Þannig gefa öll listasöfn út sýningaskrár og bækur á hverju ári.

4. Menningarsjóður – opnað fyrir umsóknir (2026010411)

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Menningarsjóðinn og rennur umsóknarfrestur út 9. febrúar nk.

5. Fjölmiðlagreining 2025 (2026010419)

Halldóra G. Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs fór yfir fjölmiðlageiningu ársins 2025 frá Creditinfo.

6. Starfsáætlanir menningar- og þjónustusviðs 2026 (2026010349)

Starfsáætlanir menningar- og þjónustusviðs fyrir árið 2026 lagðar fram til kynningar.

7. Ráðning sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs (2025080466)

Menningar- og þjónusturáð óskar Halldóru Guðrúnu Jónsdóttur innilega til hamingju með stöðu sviðsstjóra og óskar henni velfarnaðar í nýju hlutverki. Ráðið lýsir jafnframt trausti til Halldóru Guðrúnar og þeirri reynslu og þekkingu sem hún mun leggja til í starfinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:17.